



Úttekt á tollafgreiðslu plöntu- verndarvara árin 2012 og 2013

1. Inngangur og markmið

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Hlutverk Umhverfisstofnunar samkvæmt efnalögum er meðal annars að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir þau og í því skyni:

- að hafa eftirlit með framleiðslu, meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögin með samræmdum hætti á landinu öllu
- að taka við, varðveita og viðhalda upplýsingum um framleiðendur, innflytjendur, dreifendur og eftirnotendur, þau efni og efnablöndur sem þeir markaðssetja, útgefin markaðsleyfi og notendaleyfi
- að taka á móti upplýsingum um innflutning frá innflutningsaðilum, sem gefnar eru áður en tiltekin efni og efnablöndur fá tollafgreiðslu, sbr. 12. mgr. 5. gr. efnalaganna.

Plöntuverndarvörur eru notaðar í landbúnaði og garðyrkju til þess að hefta vöxt, varna sýkingum og skemmdum í gróðri af völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti plantna. Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 er að óheimilt að tollafgreiða plöntuverndarvörur nema markaðsleyfi þeirra liggi fyrir. Umhverfisstofnun kallar eftir vörureikningi við tollafgreiðslu á þessum vörum og staðfestir með áritun sinni, að vörur sem tilgreindar eru á honum hafi markaðsleyfi hér á landi og að heimilt sé að tollafgreiða þær. Fyrir gildistöku efnalaga veitti Vinnueftirlit ríkisins áritun vegna tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum og afhenti Umhverfisstofnun gögn þar um í lok hvers árs.

Um leið og veitt er heimild til tollafgreiðslu vegna plöntuverndarvara samkvæmt ofangreindu eru skráðar upplýsingar af vörureikningi um þær vörur sem eru leyfisskyldar til að fá yfirlit yfir hve mikið af hverri er sett á markað hér á landi. Þessar upplýsingar eru lagðar til grundvallar við að áætla sölu og notkun á plöntuverndarvörum hér á landi og hafa því mikla þýðingu við framtíðarstefnumótun í þessum málaflokki, ekki síst þegar kemur að því að útbúa samræmda áhættuvísu vegna notkunar á plöntuverndarvörum. Þá eru þessar upplýsingar lagðar til grundvallar við gagnaskil til Hagstofu Íslands, alþjóðastofnana og fleirri aðila. Af þessu er ljóst að mikilvægt er að geta treyst því að upplýsingarnar sem fást með þessum hætti gefi rétta mynd af því hve mikið af plöntuverndarvörum fer á markað hér á landi.



Í þessu ljósi voru sett fram neðangreind markmið með þessari úttekt á tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum:

- Að skoða hvort upplýsingar sem fengnar eru úr gögnum Umhverfisstofnunar vegna tollafgreiðslu á plöntuverndarvörur séu í samræmi við upplýsingar sem fram koma í skrá Tollstjóra.
- Að athuga hvort tollflokkun sé hugsanlega ábótavant, þannig að gögn um tollafgreiðslu gefi ekki réttar upplýsingar um þær plöntuverndarvörur sem boðnar eru fram á markaði hérlendis.

2. Framkvæmd

Tollstjóri lætur Umhverfisstofnun á hverju ári í té skrár yfir vörur í ákveðnum tollflokkum sem koma til tollafgreiðslu hjá embættinu, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um það hvaða aðilar óska eftir tollafgreiðslu, í hvaða tollflokk vörunar falla og nettóþyngd á vörum í hverjum tollflokki.

Í þessari úttekt er athyglinni beint að plöntuverndarvörum og unnið með gögn frá Tollstjóra fyrir árin 2012 og 2013 varðandi tollafgreiðslu á vörum í eftirfarandi tollflokkunum:

- 3808.5000: - Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, efni til að stjórna plöntuvexti, sótthreinsandi efni og áþekkar vörur.
- 3808.9100: - Skordýraeyðir; - Sveppaeyðir
- 3808.9300: - Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti

Gögn Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins, sem aflað er við áritun vegna tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum, voru borin saman við gögn Tollstjóra til þess að leiða í ljós hvort veitt hafi verið áritun við tollafgreiðslu á vörum í ofangreindum tollflokkum og hvort tollflokkun væri í einhverjum tilfellum röng.

3. Niðurstöður

Samkvæmt gögnum frá Tollstjóra fengu 7 fyrirtæki tollafgreiðslu fyrir plöntuverndarvörum á árunum 2012 og 2013 sem falla undir þá tollflokka sem voru til skoðunar í þessari athugun sbr. 1. töflu. Sé horft til uppruna plöntuverndarvaranna kemur í ljós að þær voru frá 8 löndum á árinu 2012 en 6 löndum 2013. Algengustu upprunalöndin eru Danmörk, Holland og Belgía, en um 80% varanna sem fengu tollafgreiðslu komu frá þessum 3 löndum.

1. tafla. Fyrirtæki sem fengu tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum í tollflokkum 3808.5000, 3808.9100 og 3808.9300 árin 2012 og 2013.

<u>Fyrirtæki:</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Bauhaus Ísland ehf	X	X
Demeter ehf		X
Espiflöt ehf	X	
Grænn markaður	X	X
Frjó Umbúðasalan ehf	X	X
Garðheimar Gróðurvörur ehf	X	X
Nathan og Olsen hf.	X	X



Alls voru tollafgreidd 35.296 kg af vörum á árinu 2012 í þeim tollflokkum sem verkefnið nær til og þar af var veitt áritun fyrir 32.305 kg (92%) en 2.991 kg (8%) fengu tollafgreiðslu án áritunar (2. tafla). Á árinu 2013 voru tollafgreidd 15.240 kg af vörum í þeim tollflokkum sem eru til skoðunar hér, þar af var veitt áritun fyrir 10.850 kg (71%) en 4.390 kg (29%) fengu tollafgreiðslu án áritunar.

2. tafla. Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum í tollflokkum 3080.9100 og 3808.9300 árin 2012 og 2013.

	2012		2013		Breyting milli ára	
	kg	%	kg	%		
Tollafgreitt alls	35.296		15.240		-20.056	-57%
...þar af með áritun	32.305	92%	10.850	71%		
...þar af án áritunar	2.991	8%	4.390	29%		

Mikil samdráttur varð í magni plöntuverndarvara sem fengu tollafgreiðslu á milli árunna 2012 og 2013 og má rekja þetta til breytinga í innflutningi á aðeins einni vöru. Hér er um að ræða illgresiseyðinn Casoron G, en ekki verður heimilt að setja þá vöru á markað hér á landi fljótlega eftir að reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað verður innleidd. Á árinu 2012 voru tollafgreidd 25.032 kg af illgresiseyðinum Casoron G, sem var um 70% af heildarinnflutningi plöntuverndarvara þess árs. Ári síðar kom þessi vara ekki til tollafgreiðslu og er þar að finna skýringuna á þessum mikla samdrætti milli árunna 2012 og 2013.

Samkvæmt núgildandi tollskrá falla plöntuverndarvörur í 2 tollflokka og í 3. töflu kemur fram hvernig vörur sem komu til tollafgreiðslu á árunum 2012 og 2013 skiptast á milli þeirra. Alls voru tollafgreidd 4.629 kg af plöntuverndarvörum í tollflokki 3808.9100 á árinu 2012 sem nemur um 13% af heildarinnflutningi þess árs og 30.677 kg í tollflokki 3808.9300, 87% af heildarinnflutningi ársins 2012. Árið eftir voru tollafgreidd 2.728 kg af plöntuverndarvörum í tollflokki 3808.9100, eða um 18% af heildarinnflutningi ársins 2013, og 12.512 kg í tollflokki 3808.9300, 82% af heildarinnflutningi þess árs.

3. tafla. Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum árin 2012 og 2013 sundurliðað eftir tollnúmerunum 3808.9100 og 3808.9300.

		2012		2013	
		kg		kg	
3808.9100 Skordýraeyðar, sveppaeyðar	Tollafgreitt alls	4.629		2.728	
	...þar af með áritun	3.651	79%	1.476	54%
	...þar af án áritunar	978	21%	1.252	46%
3808.9300 Illgresiseyðar, stýriefni	Tollafgreitt alls	30.677		12.512	
	...þar af með áritun	28.654	93%	9.374	75%
	...þar af án áritunar	2.013	7%	3.138	25%

Hlutfall vara sem fengu tollafgreiðslu án áritunar er lægst 7% í tollflokki 3808.9300 á árinu 2012 en hæst í tollflokki 3808.9100 á árinu 2013, eða 46%. Greinilegt er að mun ríkari brögð eru að því að vörur sem falla í tollflokk 3808.9100 séu tollafgreiddar án þess að fá heimild Umhverfisstofnunar til tollafgreiðsluheldur en vörur í tollflokki 3808.9300.



Við vinnslu gagnanna komu fram vísbendingar um að plöntuverndarvörur séu rangt tollflokkaðar, þannig mátti til dæmis sjá að vörur sem hefðu átt að tollflokkaðast í 3808.9100 (skordýra-, sveppaeyðar) voru settar í tollflokk 3808.9201 (fúavarnarefni). Þetta var leiðrétt í gögnunum í þeim tilfellum sem að augljóst var að flokkunin væri röng. Þá kann að vera að tollflokkurinn 3808.5000 sé notaður þegar um er að ræða blandaðar sendingar, þ.e.a.s. vörur falla í fleiri en einn tollflokk undir 3808, hugsanlega til þess að spara sér vinnu við að sundurgreina sendingar á tollskýrslu. Vörur sem þannig er ástatt um koma ekki fram í þessari athugun.

Gögnin sem hér voru skoðuð sýna með skýrum hætti að umtalsverður hluti af plöntuverndarvörum fær tollafgreiðslu hér á landi án þess að koma til áritunar hjá Umhverfisstofnun. Þannig vantar allnokkuð upp á að þær upplýsingar sem stofnunin hefur yfir að ráða gefi raunsanna mynd af því hvaða plöntuverndarvörur og hve mikið af hverri eru boðnar fram á markaði hér á landi. Úr þessu þarf að bæta og hyggst Umhverfisstofnu bregðast við með því að upplýsa betur þá aðila sem hlut eiga að máli um skyldur þeirra varðandi markaðssetningu á plöntuverndarvörum og sér í lagi mikilvægi þess að fylgja reglum varðandi tollafgreiðslu.

Í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar í efnalögum og nauðsyn þess að afla upplýsinga um setningu plöntuverndarvara á markað mun stofnunin fylgjast náið með því hvaða plöntuverndarvörur eru boðnar fram á markaði hér á landi. Einn mikilvægasti liðurinn í því er að fylgjast með tollafgreiðslu á þessum vörum. Stofnunin þarf að hafa bestu tiltækar upplýsingar um markaðssetningu á þessum vörum hér á landi til þess að styðjast við í stefnumótun til framtíðar, þar á meðal gerð og endurskoðun landsáætlunar um notkun á plöntuverndarvörum og samræmdra áhættuvísa.

17. desember 2014

Björn Gunnlaugsson, verkefnisstjóri